

Alþingi  
Erindi nr. P 132/1321  
komudagur 14.3.2006

## AUGNLÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

Póstfang: Hlíðarsmára 8, 201 Kópavogur.  
Símar: 895-7590 og 587-4765. Fax: 587-2342  
Tölvupóstur: thorkell@netheimar.is

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis,  
Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Reykjavík 13. mars 2006.

**Efni:** Óskað er umsagnar Augnlæknafélags Íslands vegna frumvarps til laga um Heyrnar-, tal- og sjónstöð Íslands, 514. mál, heildarlög.  
**Varðar:** Þingskjal 751 - 514. mál: Frumvarp til laga um Heyrnar-, tal- og sjónstöð.

### Einstakar greinar:

**Varðandi 2. gr, 2.tölulíður:** Áréttu þarf að auka þurfi endurhæfingu sjónskertra. Hingað til hefur þurft að forgangsraða fjárveitingum til barna, vinnufríks fólks og fólks sem býr eitt. Tiltölulega auðvelt er að bæta lífsgæði og atvinnuþátttöku blindra og sjónskertra með bættri hæfingu og endurhæfingu. Kostnaður við slíkt myndi líklega koma til baka í lækkuðum greiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins vegna aukinna atvinnutekna.

**Varðandi 2. gr, 3.tölulíð:** Sérhæfð hjálpartæki (t.d. flatskjáir) eru dýr og reikna má að í framtíðinni geti með vaxandi tækninýjungum kostnaður aukist gríðarlega þegar kynslóð aldraðra fer að nota tölvutengd hjálpartæki.

**Varðandi 2. gr, 4.tölulíð:** Skólamál blindra og sjónskertra grunnskólabarna hafa verið í ólestri síðan blindradeild Álftamýrarskóla var lögð af. Kennsla blindraleturs hættir til að leggjast af miðað við núverandi ástand. Tryggja þarf aukinn fjölda blindrakennara með fjölgun fastra stöðugilda. Ekkert er minnst á þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta sem Menntamálaráðuneytið boðaði í skýrslu sinni um "Bætt aðgengi blindra og skjónskertra að menntakerfinu" sem kom út í ágúst 2004. Stungið hefur verið uppá að þekkingarmiðstöðin væri innan veggja Sjónstöðvarinnar. Við leggjum til að úr þessu verði bætt og það staðfest í þessu lagafrumvarpi.

**Varðandi 5. gr.:** Sjónskertir og blindir hafa að jafnaði minni tekjumöguleika en heyrnarskertir sem oftar eru í fullu starfi. Margir sem nota heyrnartæki eru ekki fatlaðir. Sjónskertir geta því átt í meiri erfiðleikum að borga fyrir hjálpartæki og viðgerðir á þeim. Megnið af skjólstæðingum Sjónstöðvar Íslands eru öryrkjar, aldraðir eða börn. Það er því hætt á að þjónustugjöld aukist á blinda og sjónskerta.


### Varðandi kaflann um athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í 9. málsgrein er fjallað um að þrátt fyrir að með sameiningunni náist fram rekstrarleg hagræðing sé óhjákvæmilegt að líta fram hjá því að til falli einhver stofnkostnaður vegna flutnings í nýtt húsnæði auk þess að húsnæðiskostnaður kunni að verða meiri. Hér gætir ósamræmis við "Fylgiskjal" (á síðu 5) sem endar á þeim orðum að: "Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið leiði til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð verði það að lögum." Það er skoðun okkar að þetta sé rökleysa og bæta þurfi úr þessu orðalagi.

### Varðandi athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

**Varðandi 1. gr:** Áréttu þarf að bæta þurfi kennslu og menntunarmál daufblindra.

Virðingarfyllst,  
F.h. stjórnar Augnlæknafélags Íslands,

  
Þorkell Sigurðsson formaður  
Augnlæknafélags Íslands